

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 281/2019

2020/EES/14/09

frá 13. desember 2019

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamærafirtílsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um plöntuheilbrigði. Löggjöf um plöntuheilbrigði fellur utan við gildissvið EES-samningsins og ákvæði sem varða plöntuheilbrigði gilda því ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- 4) Ákvörðun þessi varðar ákvæði löggjafar um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið ákvæðum sem varða lifandi dýr, önnur en fisk og eldisdýr, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er liðum bætt við á eftir lið 11ba (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11bb. **32019 R 1602**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað (Stjttð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1.

- 11bc. **32019 R 1666:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (Stjtið. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31qa (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/723) í II. kafla:
- „31qb. **32019 R 1602:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6).
- 31qc. **32019 R 1666:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (Stjtið. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 164a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „164b. **32019 R 1602:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1602 frá 23. apríl 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar samræmt heilbrigðis- og innflutningsskjal sem fylgir sendingum af dýrum og vörum á ákvörðunarstað (Stjtið. ESB L 250, 30.9.2019, bls. 6).
- 164c. **32019 R 1666:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1666 frá 24. júní 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (Stjtið. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2019/1602 og (ESB) 2019/1666, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistöku degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2019 frá 27. september 2019 (²), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Verður birt.